

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

718. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 24. október 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við slökkviliðsstjóra v/ endurskoðunar Brunavarnaáætlunar.
2. Erindi Knúts A. Óskarssonar.
3. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra og Menningarsamningur milli ríkisins og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.
4. Bréf Menningarráðs Norðurlands vestra.
5. Bréf Fagnefndar með rekstri Skólabúðanna að Reykjum í Hrútafirði.
6. Fundargerðir stjórnar SSNV frá 8. september sl. og 4. október sl.
7. Grunnskóla Húnaþings vestra. Starfsmannamál.
8. Umræða um jafnréttismál.

Afgreiðslur:

1. Slökkviliðsstjóri er mættur til fundar við byggðarráð til að kynna drög að endurskoðaðri brunavarnaáætlun.
2. Lagt fram erindi Knúts A. Óskarssonar þar sem hann óskar eftir afgreiðslu á tillögu að deiliskipulagsreit fyrir Ósa á Vatnsnesi. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.
3. Lögð fram til kynningar fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra og menningarsamningur milli ríkisins og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.
4. Lögð fram tillaga að samstarfssamningi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál. Byggðarráð samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun hans.
5. Lagt fram bréf fagnefndar um rekstur skólabúðanna í Reykjaskóla, þar sem óskað er eftir að nefndin verði lögð niður og verkefni hennar færð undir fræðsluráð. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að færa verkefni nefndarinnar til fræðsluráðs og gera viðeigandi breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.
6. Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar SSNV frá 8. september og 4. október s.l.
7. Grunnskóli Húnaþings vestra, starfsmannamál. Sveitarstjóri gerði grein fyrir ráðningu í 80% starfshlutfall stuðningsfulltrúa, ráðning til 31. maí 2012. Sex umsóknir bárust. Björn Ingi Þorgrímsson hefur verið ráðinn í starfið.
8. Umræða um jafnréttismál. Farið yfir framkvæmdaáætlun jafnréttisáætlunar Húnaþings vestra. Gagnvart kynjahlutfalli í ráðum og nefndum hefur tekist vel til. Gerður verður samanburður fyrri hluta næsta árs á heildarkjörum karla og kvenna sem starfa hjá sveitarfélaginu og úrtakskönnun á launum starfsmanna í sambærilegum störfum til að greina hvort um kynbundinn launamun er að ræða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:11

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.